

Reykjavík 13. júlí 2026

Minnisblað til formanns Verkefnastjórnar Rammaáætlunar áfanga 6., frá faghópi 4.

Beiðni barst frá ráðherra um að endurmeta virkjanakosti sem höfðu lent í verndarflokki í fyrri áföngum Rammaáætlunar.

Hlutverk faghóps 4 er að greina hagkvæmni og arðsemi virkjunarkosta, meta vænta orkugetu þeirra, hagnað og stofn- og rekstrarkostnað. Einnig mun hópurinn leitast við að meta önnur bein hagræn áhrif virkjunarkosta vegna tengikostnaðar og áhrifa á uppbyggingu meginflutningskerfis raforku en einnig vegna tekna af öðru en orkusölu svo sem vegna væntrar fjölnýtingar auðlindastrauma jarðhitavirkjana, t.d. til varmaframleiðslu.

Faghópur 4, fór yfir niðurstöður faghóps 4 í 2. áfanga rammaáætlun, en þar voru umræddir virkjunarkostir flokkaðir í mismunandi hagkvæmniflokka. Endurmat faghóps 4 í 6. áfanga leiddi ekki til breytinga á hagkvæmniflokkun umræddra virkjanahugmynda.

Með kveðju
Kolbrún Reinholdsdóttir
Formaður faghóps 4.